

Alþingi
Erindi nr. ~~P~~ 135/2850
komudagur 12.S. 2008



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

Menntamálanefnd Alþingis
B.t. formanns, Sigurðar Kára Kristjánssonar
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2008


Efni: Skólaganga barna í fóstri

Meðfylgjandi er skýrsla umboðsmanns barna um skólagöngu barna sem eru í fóstri utan lögheimilissveitarfélags. Skýrslan er unnin úr upplýsingum frá barnaverndarnefndum sem umboðsmaður óskaði eftir vegna ábendinga um að oft gengi erfiðlega að fá skólayfirvöld til að taka við börnum í tímabundnu fóstri og að brögð væru að því að fósturbörnum væri synjað um skólavist í viðtökusveitarfélagi. Skýrslan gefur til kynna að börn í tímabundnu fóstri njóti ekki sama réttar til skólagöngu og önnur börn.

Mikilvægt er að tekið sé á þessum vanda sem fyrst og gerðar séu ráðstafanir til að börn í tímabundnu fóstri njóti þessa réttar síns í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Umboðsmaður barna vonar að verði frumvarp til nýrra grunnskólalaga að lögum verði tekinn af allur vafi um skyldu sveitarfélaganna til þess að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem sækja um skólavist í sveitarfélaginu fái skólavist hvort sem þau eiga lögheimili þar eða ekki.

Virðingarfyllt,


Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna



UMBOÐSMAÐUR BARNA

**Skólaganga barna sem voru í fóstri á vegum
barnaverndarnefnda 2005 – 2007**

Apríl 2008

Aðdragandi

Embætti umboðsmanns barna hafa borist allnokkrar ábendingar vegna barna í tímabundnu fóstri sem neitað hefur verið um skólavist í viðtökusveitarfélagi. Í ljósi þessa sendi umboðsmaður barna Barnaverndarstofu bréf hinn 5. nóvember 2007 þar sem m.a. var beðið um upplýsingar um skólagöngu barna sem eru í fóstri á Íslandi. Ennfremur var spurt um hvort brögð væru að því að börnum í fóstri væri synjað um skólavist í viðtökusveitarfélagi. Í svarbréfi sínu dagsettu 15. nóvember 2007 vísaði Barnaverndarstofa þeim lið frá sér með þeim rökum að börn í fóstri væru á vegum þeirra barnaverndarnefnda sem ráðstafa þeim en ekki Barnaverndarstofu. Því væri réttast að umboðsmaður beindi fyrirspurn sinni til barnaverndarnefndanna sjálfra.

Framkvæmd

Bréf var sent til allra barnaverndarnefnda á landinu hinn 11. janúar 2008 og óskað eftir neðangreindum upplýsingum um skólagöngu barna í fóstri á vegum barnaverndarnefndanna á árunum 2005 – 2007.

1. Hversu mörg börn hafa verið í fóstri á ykkar vegum á árunum 2005 – 2007?
2. Hefur einhverjum þessara barna verið synjað um skólagöngu á þessum tíma?
3. Ef svo er óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um ástæðu synjana, hversu lengi börnin hafa verið án formlegrar menntunar og til hvaða úrræða hefur verið gripið til að leysa þennan vanda.

Frestur til þess að svara var gefinn til 4. febrúar og höfðu þá 8 svör borist umboðsmanni. Aðrir gáfu sér lengri tíma og hafði umboðsmanni barna borist svör 29 barnaverndarnefnda frá öllum landshlutum hinn 4. apríl 2008. Tvær nefndir svöruðu ekki fyrirspurninni.

Eftirfarandi niðurstöðum er ætlað að varpa ljósi á stöðu þeirra mála er varðar skólavist barna í fóstri. Í þeim svörum barnaverndarnefnda sem vitnað er til er öllum nöfnum sleppt eða breytt. Í stað nafna barnaverndarnefnda hafa verið sett númer frá 1-29. Engin sérstök regla er á því hvernig barnaverndarnefndir eru númeraðar.

Misjafnt er hvort barnaverndarnefndir taka fram hvort svör þeirra taki mið af börnum í varanlegu eða tímabundnu fóstri. Á því er nokkur munur þar sem ekki er gert ráð fyrir að vandkvæði séu til staðar vegna skólavistar þegar um varanlegt fóstur er að ræða, enda fylgir því

lögheimilisflutningur sem gerir sveitarfélaginu skylt að sjá barninu fyrir viðeigandi skólaúrræði. Tölulegar upplýsingar eru því nokkuð skekktaðar þar sem heildarfjöldi barna í fóstri tekur ekki tillit til þess hvort barn er í varanlegu fóstri eða tímabundnu.

Niðurstöður

Af þeim 361 börnum sem voru á skólaaldri og í fóstri (varanlegu og tímabundnu) á árunum 2005 – 2007 voru 18 (5%) án skólavistar á því tímabili, samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum. Mun fleiri dæmi eru þó um að börn hafi verið frá skóla til lengri eða skemmri tíma vegna biðar eftir skólavist, allt frá nokkrum dögum upp í nokkra mánuði.

Hjá 65% eða 19 af þeim nefndum sem svörðu hafði ekki komið til að barni í fóstri hefði verið neitað um skólavist. Ástæðan var þá yfirleitt sú að ekki hafði þurft að ráðstafa barni í fóstur í annað sveitarfélag eða að sveitarfélagið sjálft hafði þróað úrræði í eigin heimabyggð.

Tíu barnaverndarnefndir svara því hins vegar að börn á þeirra vegum hafi einhvern tíma á tímabilinu verið án skólavistar og eru því vel kunnugar þeim erfiðleikum sem geta fylgt því að fá skólavist fyrir þau fósturbörn.

Úrræðaleysi

Svo virðist sem smæð skóla geti sett sitt mark á viðhorf skólanefnda og -stjórnenda til skólavistar fósturbarna. Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum virðist ein helsta skýringin sem gefin er fyrir synjun um skólavist vera sú að viðkomandi skólar séu í flestum tilvikum litlir og fámennir og skorti getu til þess að fá hæft starfsfólk til að veita nemendum með sérþarfir (s.s. námsörðugleika og hegðunarvandamál) viðunandi þjónustu. Þá getur reynst erfitt fyrir minni skóla að taka inn ný börn og aðlaga þau því skólastarfi sem þar fer fram. Skólarnir töldu sig þ.a.l. ekki í stakk búna til að veita börnunum þá þjónustu og stuðning sem þeim var nauðsynlegur, sbr. neðangreind svör:

[Starfsmanni] er kunnugt um vangetu lítilla skóla [...] um lengri eða skemmri tíma til að veita nemendum með mikla námsörðugleika sökum alvarlegra geð- og atferlissraskana viðunandi þjónustu; í fyrsta lagi vegna örðugleika til að fá hæft starfsfólk í fámenninu til

að sinna barninu; í öðru lagi vegna lélegs undirbúnings barnaverndarnefndarinnar sem vistaði barnið og í þriðja lagi tregðu lögheimilissveitarfélags barnsins til að greiða sérkostnað vegna kennslu og umönnunar barnsins.

(Barnaverndarnefnd nr. 20, 11. febrúar 2008).

Skólavist var synjað með þeim rökum að það hafi verið skólanum ofviða að veita barninu nauðsynlega þjónustu, vegna sérþarfa þess.

(Barnaverndarnefnd nr. 24, 19. febrúar 2008).

Sótt var um skólavist fyrir barn í [...] vorönn 2007 og var henni hafnað og fylgdi enginn rökstuðningur höfnuninni. Aftur var sótt um fyrir þetta barn skólaárið 2007-2008 og þá var samþykkt að veita barninu skólavist. Eftirfarandi skilyrði voru gerð fyrir skólavistinni:

- Að 50% álag yrði greitt ofan á viðmiðunargjald Sambands íslenskra sveitarfélaga.*
- Að [sveitarfélag] tryggi greiðslur vegna nemandans að öllu leyti og komi til að nemandinn þurfi á sérkennslu eða annarri aðstoð að halda verði samið sérstaklega um greiðslur vegna þess.*
- Að verði námsdvöl nemandans í [...] með öðrum hætti en skólastjóri, kennarar eða stjórn Byggðarsamlags [...] geti sætt sig við áskilur stjórn Byggðarsamlags [...] sér þann rétt að binda enda á dvöl barnsins við skólann.*

(Barnaverndarnefnd nr. 2, 21. janúar 2008).

Í ofangreindu tilviki var barnið áfram skráð í grunnskóla lögheimilissveitarfélags á vorönn 2007 og hafði kennari þaðan umsjón með námi þess en fósturforeldrar sáu hins vegar um kennsluna.

Í öðrn tilviki fékk barn skólavist skólaárið 2006-2007 með svipuðum skilyrðum og í dæminu hér að ofan. Skólaárið 2007-2008 var sama barni hins vegar synjað um skólavist án skriflegs rökstuðnings. Í því tilviki bárust hins vegar þau munnlegu skilaboð til fósturmóður að barnið mætti ekki koma aftur í skólann vegna hegðunar sem það hafði sýnt um vorið.

Í svörunum kemur þó fram að í sumum þeirra tilvika þar sem neitað var um skólavist á grundvelli sérþarfa barns hafi ekki verið um að ræða nemendur með mikla eða sértæka námsörðugleika.

Sértækar greiðslur komu frá [...] þrátt fyrir að telpan ætti ekki við sértæka námsörðugleika að stríða.

(Barnaverndarnefnd nr. 12, 31. janúar 2008).

Eftirfarandi dæmi lýsa einnig ágætlega þrautagöngu barnaverndarnefnda við að útvega skjólstaðingum sínum skólavist eftir að heppilegt fósturheimili hefur verið fundið og viðhorfi til fósturbarna:

Tæplega 11 ára drengur. Við leit fannst hentugt fósturheimili fyrir drenginn í [...] Stjórnendur [...]skóla höfnuðu beiðni um skólavist og voru viðbrögðin þannig að ákveðið var að reyna ekki frekar að ná samvinnu um þetta.

(Barnaverndarnefnd nr. 12, 31. janúar 2008).

Fjórtán ára gamall drengur sem hefur í tveimur sveitarfélögum fengið miður góða afgreiðslu hvað varðar viðurkenningu á skólagöngu í því sveitarfélagi þar sem fannst hentugt fósturheimili. [...] Sótt var fyrir drenginn um skólagöngu í mars 2004 en ætlaði skólinn sér ekki að taka við honum. Deiluefni var greiðsla með drengnum og um það hver ætti að greiða kostnað vegna skólaaksturs. Drengurinn var búinn að dvelja á fyrra fósturheimili sínu í þrjár vikur áður en [barnaverndarnefnd] gat þröngvað fram skólavist fyrir hann. Ári seinna var sótt um skólavist fyrir drenginn á [...] en stefnt var að varanlegu fóstri hans þar eftir reynslufóstur. Ekki reyndist unnt að koma drengnum í skólavist í því sveitarfélagi þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og bréfasendingar og vilja [...] til aukinnar greiðslu með drengnum. Segir m.a. í bréfi frá grunnskólanum [...] að „skólinn hafi aldrei gefið sig út fyrir að vera sérstök stofnun til að taka á móti nemendum með mikla sérfræðiaðstoð.“ Í máli þessa drengs var aldrei þörf hans fyrir sérfræðiaðstoð í skóla, heldur miklu fremur að fá traust og uppbyggilegt heimili fyrir hann.

(Barnaverndarnefnd nr. 12, 31. janúar 2008).

Tafir á afgreiðslu

Það vekur athygli að ekki virðast vera neindir samræmdir verkferlar hjá sveitarfélögunum þegar sótt er um skólavist fyrir fósturbarn. Skólanefnd fer að jafnaði yfir umsóknina en það getur liðið þó nokkur tími á milli funda og með því tapast dýrmætur tími fyrir börnin. Í svörum frá barnaverndarnefndum koma ekki fram tölulegar upplýsingar um þann fjölda sem er án skólavistar meðan beðið er eftir svari skólanefndar. Margir nefna þó að talsverður tími geti liðið frá því að barn fer í tímabundið fóstur og þar til skólavist getur hafist. Bent hefur verið á að þessi afgreiðsla hafi farið mjög dalandi eftir að sveitarfélög tóku við rekstri skóla.

Skv. reynslu [barnaverndarnefndar] eru viðtökur sveitarfélags þar sem barni er ráðstafað í fóstur með ýmsu móti og ekki fyrir hendi samræmdir verkferlar eða viðmið þegar sótt er um skólavist fyrir fósturbarn. Í sumum tilvikum hefur það átt sér stað að um skólavist aðkomubarnsins hafi verið fjallað á kennarafundi, í skólanefnd og loks í sveitarstjórn. Nauðsynleg ákvörðun getur tafist með þessu móti [...].

(Barnaverndarnefnd nr. 24, 19. febrúar 2008).

Þó svo að skólavist gangi eftir í flestum tilvikum og samskipti við grunnskóla séu oft góð virðast þó stundum einhverjir hnökrar á afgreiðslu mála.

Sveitarstjórnir eru þó misfljótar að afgreiða mál sem þeim berast. Eðli barnaverndarmálanna er þannig að í sumum málum gefst ekki langur tími til undirbúnings fósturs.

(Barnaverndarnefnd nr. 4, 23. janúar 2008).

Þá eru fjölmörg dæmi um að börnin hafi þurft að bíða eftir því að samþykki hafi fengist fyrir skólavist og þau þá oft komin á fósturheimilið og eru án skóla í lengri eða skemmri tíma, frá nokkrum dögum og upp í nokkra mánuði. Hefur reynslan sýnt að sumir skólastjórnendur eru alltaf jákvæðir að taka við fósturbörnum en aðrir eru alltaf neikvæðir og reyna að komast hjá því.

(Barnaverndarnefnd nr. 12, 31. janúar 2008).

Ágreiningur um kostnað

Í 2. mgr. 39. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004 segir: „Ef barn fer í tímabundið fóstur skal sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur greiða kostnað vegna grunnskóla meðan ráðstöfun varir.“ Það er að margra mati ótækt að viðtökusveitarfélagið eitt meti og taki ákvörðun um þá þjónustu sem barn þarf á að halda. Oft virðast viðtökusveitarfélögin krefjast hærri greiðslna með barni en lögheimilissveitarfélag þess metur eðlilegt. Til að tryggja barni skólavist virðast lögheimilissveitarfélögin þó oft reiðubúin til þess að greiða hærri fjárhæðir með barni en viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga kveða á um.

Fannst hentugt fósturheimili í [...] fyrir drenginn en hann þurfti að biða í einn og hálfan mánuð eftir því að komast í skólann þar eftir að hann kom á fósturheimilið. Í þessu tilviki gerði sveitarfélagið [...] [barnaverndarnefnd] tilboð um að þeir skyldu taka við drengnum fyrir rúmlega 90.000 kr. í grunngjald á mánuði, sem er langt fyrir ofan venjulegt viðmiðunargjald í samningi á milli sveitarfélaga.

(Barnaverndarnefnd nr. 12, 31. janúar 2008).

Barni hafnað

Til að fósturvist gangi upp verður samstarf við skóla að vera gott og samfélagið tilbúið til að veita barninu skólavist og þá aðstoð sem það þarfnast. Það getur legið mikil vinna að baki því að finna rétta fósturheimilið fyrir barn sem ráðstafa á í fóstur og spila margir þættir þar inn í. Sú vinna getur þó orðið að engu ef ekki næst gott samstarf við skólastjórnendur í viðtökusveitarfélagi. Dýrmætur tími getur þá tapast sem getur haft mjög neikvæðar afleiðingar fyrir nám og líðan viðkomandi barns. Í þeim tilvikum þar sem hentugt fósturheimili hefur verið fundið fyrir barn er ótækt að málið skuli stranda á skólagöngu barnsins. Þetta sjónarmið kemur vel fram í neðangreindum svörum:

Starfsfólk [barnaverndarnefndar] þekkir vel þann vanda [...] að fósturbörnum hefur verið neitað um skólagöngu og/eða mjög erfiðlega hefur gengið að ná samvinnu við skólastjórnendur. Vandinn felst í því að mjög oft hefur reynst erfitt að fá samþykki skólastjórnenda í sveitarfélögum til að taka við barni í skóla þar sem fyrirhugað er að

vista barn í tímabundnu fóstri. Þetta er ekki nýr vandi en hann hefur farið vaxandi. Oft hefur komið upp sú staða að búið er að finna fósturheimili sem hentar barninu en stjórnendur skólans neita að taka við barninu og er þá ekki hægt að vista barnið á heimilinu. [...]

(Barnaverndarnefnd nr. 12, 31. janúar 2008).

Að mati starfsmanna [barnaverndarnefndar] er þessi staða með öllu ólíðandi og telja að brotið sé alvarlega á réttindum þessara barna. Telja starfsmenn það óásættanlegt að lenda ítrekað í því að fundist hefur gott fósturheimili sem hentar vel barni en geta síðan ekki notað það vegna þess að skólastjórnendur eru ekki tilbúnir til samvinnu um skólavist fyrir barnið. [...] Þessi börn hafa líka oft dregist aftur úr í námi og af þeim sökum líka brýnt að þau lendi ekki í því að vera án skóla til lengri eða skemmri tíma.

(Barnaverndarnefnd nr. 12, 31. janúar 2008).

Þrátt fyrir að [...] væri tilbúið að borga tæpar 60.000 kr. aukalega á mánuði fyrir telpuna í skóla var henni hafnað um skólavist í grunnskólanum. Fósturrofi átti sér stað.

(Barnaverndarnefnd nr. 12, 31. janúar 2008).

Árið 2005 varð barnaverndarnefnd í tveimur tilvikum að hætta við að setja börn á fósturheimili sem talin voru henta þar sem viðkomandi skólar neituðu að taka við börnunum. Ástæðurnar voru sagðar þær að um erfið börn væri að ræða og skólarnir hefðu hvorki fjárhagslegt bolmagn né húsakynni til að taka við þeim. Auk þess væri ekki nægilegt pláss í skólabílnum. Öðru þessara barna var fundið fósturheimili í öðru sveitarfélagi, en ekki tókst að finna annað heimili fyrir hitt barnið og varð því að hætta við að setja það barn í fóstur.

(Barnaverndarnefnd nr. 29, 4. apríl, 2008).

Þegar svo afdrifarík ákvörðun hefur verið tekin að taka barn af heimili sínu og ráðstafa því í fóstur má ætla að önnur vægari úrræði hafi þegar verið reynd til að aðstoða fjölskylduna í sínum vanda. Það vekur því furðu þegar barnaverndarnefnd hefur metið það barni fyrir bestu að

ráðstafa því í fóstur fjarri heimili sínu sé horfið frá þeirri áætlun og ákveðið að barnið skuli dveljast áfram á heimili sínu. Hætt er við því að þetta geti aukið óstöðugleika í lífi barns og getur tæplega verið til þess fallið að efla tiltrú barnsins og fjölskyldunnar á barnaverndarkerfinu.

Í flestum þeim tilvikum þar sem skólavist er hafnað voru önnur úrræði í boði fyrir viðkomandi börn og er heimakennsla eitt helsta úrræðið. Eitt dæmi er um að fósturforeldrar hafi ekið barni 2 daga í viku í skóla lögheimilissveitarfélags eftir að viðtökusveitarfélag synjaði um skólavist. Hvor leiðin telur þar um 70 km. Að öðru leyti var barnið án skólavistar.

Um lög og reglur

Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar segir: „*Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.*” Í 1. mgr. 65. gr. er svo að finna jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992. Fullgilding hans felur í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði samningsins. Jafnræðisreglu Barnasáttmálans er að finna í annarri grein hans:

1. Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

2. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra.

Í þriðju grein Barnasáttmálans er svo að finna grunnregluna um að alltaf skuli hagsmunir barnsins hafðir í forgrunni:

1. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

2. Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

[...]

Þetta sjónarmið hefur verið tekið inn í barnaverndarlög nr. 80/2002 en í 1. mgr. 4. gr. um meginreglur barnaverndarstarfs segir: „Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt háfðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda.“

Í 1. mgr. 28. gr. Barnasáttmálans segir enn fremur um rétt barna til menntunar:

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum:

a) Koma á skyldu til grunnmenntunar sem allir geti notið ókeypis.

[...]

e) Gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.

Samkvæmt 1. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 er sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6 til 16 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Þá er öllum börnum og unglingum á aldrinum 6 til 16 ára skylt að sækja skóla. Sambærilegt ákvæði um skólaskyldu er að finna í 3. gr. frumvarps til laga um grunnskóla (285. mál), sem nú liggur fyrir Alþingi. Í 5. gr. sama frumvarps er hins vegar fjallað um ábyrgð sveitarfélaga:

[...]

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr. sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Jafnframt hvíla sömu skyldur á sveitarfélögum ef sá er fer með forsjá barns á lögheimili í sveitarfélaginu, enda semji sveitarfélög sín á milli um skólavist barna, sbr. 5. mgr.

Liggi ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili barns kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu þess, enda búi barnið í sveitarfélaginu og leitað hafi verið eftir innritun þess í skóla, sbr. 19. gr. Synjun sveitarstjórnar er kæránleg eftir fyrir mælum 47. gr. Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir sveitarfélag að tryggja barni skólavist innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili getur samið við annað sveitarfélag um að veita barninu skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það lögheimili þar.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu segir að ákvæðinu sé ætlað að tryggja samfellda skólagöngu barna sem eru í fóstri á heimili utan lögheimilissveitarfélags. Að mati umboðsmanns breytir þetta þetta þó engu í málefnum barna í tímabundnu fóstri þar sem áfram er kveðið á um að lögheimili í sveitarfélagi sé forsenda skyldu viðkomandi sveitarfélags til að tryggja barni skólavist. Ennþá veltur skólaganga barnanna á því hvort sveitarfélögin nái samkomulagi um skólavist þeirra. Það að sveitarfélög *geti samið* um skólavist barna utan lögheimilissveitarfélags tryggir því á engan hátt rétt barna í tímabundnu fóstri til skólagöngu.

Í umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp, dags. 24. janúar 2008, segir um þessa grein frumvarpsins:

Í greininni er kveðið á um þá skyldu sveitarfélags að sjá til þess að öll börn á skólaskyldualdri sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu njóti skólavistar og er þetta í samræmi við gildandi lög. Til embættis umboðsmanns barna hafa borist ábendingar er varða börn í tímabundnu fóstri sem synjað hefur verið um skólavist í viðtökusveitarfélagi, enda breytist ekki lögheimilisskráning barns þegar þessu úrræði er beitt. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að taka þarf barn af heimili sínu tímabundið, en ljóst er að búa þarf því öruggt skjól á nýjum stað. Mikilvægt er að börnin upplifi sig sem þátttakendur og

hluta af nýju samfélagi og er skólaganga og félagsleg tengslamyndun við jafnaldra ákveðinn og nauðsynlegur hlekkur í því ferli. Því er að mati umboðsmanns barna nauðsynlegt að börnum sem ráðstafað er tímabundið til annarra umönnunaraðila sé takmarkalaust tryggð skólaganga.

Barnaverndarstofa tekur í sama streng í umsögn sinni um ofangreint frumvarp, dags. 31. janúar 2008. Þar er mælt með því að 3. mgr. 5. gr. frumvarps til laga um grunnskóla verði breytt með eftirfarandi hætti: „Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr. sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og börnum sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu skv. ákvæðum barnaverndarlaga njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum.“ Ennfremur mælir Barnaverndarstofa með því að a. liður 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins hljóði svo: „að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,“

Lokaorð

Umboðsmaður barna ítrekar að samkvæmt Barnasáttmálanum og íslenskri löggjöf er það grundvallarréttur og skylda allra barna 6 til 16 ára að ganga í skóla.

Að framansögðu er ljóst að víða er pottur brotinn þegar kemur að skólagöngu barna í tímabundnu fóstur. Samkvæmt ofangreindum upplýsingum frá barnaverndarnefndum landsins er þessi vandi ekki nýr af nálinni og virðist hann frekar vera vaxandi. Engir samræmdir verkferlar virðast vera til milli sveitarfélaga þegar umsókn um skólavist fyrir barn í tímabundnu fóstur er tekin til meðferðar. Þá hefur þetta ástand farið dalandi eftir að sveitarfélög tóku við rekstri skóla að mati einnar barnaverndarnefndar. Margar barnaverndarnefndir upplifa tafir á afgreiðslu og neikvætt viðhorf skólayfirvalda til fósturbarna í viðtökusveitarfélögum sem getur skipt sköpum um möguleika þeirra til að byggja sig upp og njóta stuðnings í nýju umhverfi. Smæð skólanna og mat þeirra á vangetu sinni til að mæta þörfum fósturbarnanna virðist oftast vera ástæða tafa og synjunar þeirra á að veita fósturbarni skólavist. Það vekur einnig athygli að í sumum þeirra tilvika þar sem tvísýnt hefur verið um skólavist er samið um aukagreiðslur til viðtökuskóla, oft töluvert umfram þær viðmiðunarupphæðir sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett. Þá eru dæmi um að skólinn og aðilar tengdir honum áskilji sér rétt til að binda endi á dvöl

nemandans ef hann uppfyllir ekki þau einhliða skilyrði sem skólinn setur. Umboðsmanni er einnig kunnugt um dæmi þess að lögheimilissveitarfélag barnsins hafi verið ósammála mati viðtökusveitarfélags á þörf á viðbótargreiðslum vegna sérfræðipjónustu og af þeim sökum hafi sveitarfélögin ekki náð að semja um skólagöngu fósturbarns.

Af ofangreindu má fullyrða að börn í varanlegu fóstri fá allt aðra og betri afgreiðslu en börn í tímabundnu fóstri. Umboðsmaður barna vill sérstaklega áréttta að hér er um óviðunandi aðstöðumun skólabarna að ræða og vísar til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og Barnasáttmálans í þessu sambandi.

Það hlýtur að vera skylda okkar sem samfélags að tryggja þessum börnum með lögum viðeigandi stuðning og sama rétt til náms og þroska og öðrum börnum. Ósamkomulag tveggja sveitarfélaga um fjármuni og önnur sjónarmið ættu ekki að ráða því hvort markmið fósturráðstafana náist og velferð og skólaganga barns sé tryggð. Þegar um er að ræða grundvallarrétt barna til að mennta sig og þroska hæfileika sína ættu hagsmunir barnanna ávallt að ganga framur hagsmunum sveitarfélaga.